



Námsáætlun í ENSK2OM03 – haust 2026

Stutt lýsing á áfanganum:

Í áfanganum verður leitast við að efla orðaforða nemenda í ensku og áhersla lögð á að nemendur kynnist málfari sem tengist raunvísindum. Jafnframt fá nemendur yfirsýn yfir enska málfræði og fá tækifæri til þjálfna lestur, hlustun og tjáningu á ensku.

Markmið áfangans er m.a. að nemendur geti lesið ritað mál í upprunalegri mynd (þ.e. styttri texta, smásögur og skáldsögur á nútímamáli, en miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði). Við lok áfangans ættu nemendur að geta tjáð sig um dagleg málefni og óhlutbundin efni í tengslum við námsefnið. Einnig ættu nemendur að hafa öðlast þekkingu á skrifum stuttra ritgerða, sem og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

- Enskuhefti- English Reader (fjölrit MR)
- *Animal Farm* eftir George Orwell (1945)
- Skrifleg og munnleg verkefni

Kennsluhættir:

- 3 tímar á viku í Casa Nova/Elísabetarhúsi
- Umræður, skrifleg verkefni og fyrirlestrar kennara
- Einstaklings- og hópavinna

Kennarar:

Hilmar Guðlaugsson (hilmar@mr.is), Margrét Sara Guðjónsdóttir (margretsara@mr.is),
Sigurður Páll Guðbjartsson (sigurdurp@mr.is) og Unnur Ásta Harðardóttir
(unnur.a.hardardottir@mr.is)

Námsmat:

Símatsáfangi án lokaprófs.

Námsmatið byggir á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum, ýmsum prófum og verkefnum yfir önnina:

- Orðaforði **25%**
- Fyrirlestur **10%**
- Lesskilningur (ólesinn texti) **5%**
- Animal Farm **30%**
- Hlustun **5%**
- Ritun og önnur verkefni **5%**
- Virkni (ástundun, þátttaka og hegðun í tíma) **20%**

Athugið:

- Nemandi verður að mæta undirbúinn í tíma.
 - þ.e. búinn að lesa og með nauðsynlegar námsbækur/verkefni meðferðis
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus, án heimanáms eða veldur truflun er kennara heimilt að vísa honum úr tíma.
- Ekki er leyfilegt að nota síma nema með leyfi kennara.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Nemendum ber að fylgja skólareglum í tímum
 - <https://mr.is/skolinn/skolareglur/almennar-skolareglur/>

Birt með fyrirvara um breytingar